

Þriðjudaginn 19. júlí 1988.

Nr. 214/1988. **Ákærvaldið**

gegn

Sigurði Hólm Sigurðssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir.

Varnaraðili hefir samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru, er hann lýsti fyrir héraðsdómara að aflokinni uppkvaðningu hins kærða úrskurðar 7. júlí 1988. Varnaraðili krefst styttingar á gæsluvarðhaldstíma og þess, að hann þurfi hvorki að sæta algerri einangrun né vistun í Síðumúlafangelsi. Jafnframt krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar með vísan til 1. og 5. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974.

Rétt þykir að staðfesta hinn kærða úrskurð með vísan til 1. og 5. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974. Krafa um kærumálskostnað er ekki tekin til greina.

Í héraðsdómi var eigi um það fjallað, hvernig háttað skyldi vistun varnaraðila. Það atriði kemur því ekki til álita fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður um gæsluvarðhaldsvist varnaraðilja, Sigurðar Hólms Sigurðssonar.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 7. júlí 1988.

Ár 1988, fimmtudaginn 7. júlí er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jónasi Jóhannssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu, að kærða Sigurði Hólmi Sigurðssyni, fæddum 1.5. 1963, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 3. október nk. kl. 17:00.

Kærði hefur mótmælt kröfu RLR.

Kærði hefur við yfirheyrslur fyrir dómi neitað að eiga nokkra aðild að flestum þeim brotum sem honum eru gefin að sök og ætlað er að hann

hafi framið, eftir að hann lauk afplánun í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg þann 23. júní sl. og þar til hann var handtekinn af lögreglu þann 5. þessa mánaðar. Brot þau sem kærði er grunaður um að hafa framið eru m.a. þessi: skjalafals, þjófnaðir og líkamsárás auk alvarlegra umferðarlagabrota.

Þrátt fyrir þessa neitun kærða, kemur fram í gögnum málsins, að hann eigi aðild að nefndum brotum.

Sakaferill kærða er langur. Frá árinu 1977 hefur kærði oftast en 80 sinnum komið við sögu vegna hegningarlagabrota, svo sem auðgunarbrota, líkamsárása og nauðgana. Þá hafa verið til rannsóknar af hálfu ýmissa lögregluumdæma kærur á hendur kærða vegna ölvunaraksturs og allmargra nytjastulda.

Samkvæmt sakavottorði kærða hefur hann 14 sinnum hlotið varðhalds- og fangelsisdóma í samtals 80 mánuði.

Hjá RLR eru nú til meðferðar nokkur mál á hendur kærða. Einnig eru til meðferðar í sakadómi Reykjavíkur 2 ákærur á hendur kærða og 4 mál eru til meðferðar hjá embætti ríkissaksóknara, er varða ætluð innbrot, skjalafals og tékkasvik.

Þann 5. febrúar sl. var kærði dæmdur í 6 mánaða fangelsi í sakadómi Reykjavíkur fyrir skjalafals og ýmis umferðarlagabrot og þann 5. maí sl. var kærði dæmdur í 8 mánaða fangelsi, einnig í sakadómi Reykjavíkur, fyrir skjalafals, tékkasvik og þjófnað auk umferðarlagabrota. Kærði hefur áfrýjað dómum þessum til Hæstaréttar Íslands.

Af framansögðu er ljóst, að sakaferill kærða er samfelldur og verður að telja víst, að kærði sé sibrotamaður. Má því til stuðnings ítreka það sem áður greinir, að kærði hefur haldið áfram afbrotum sínum, eftir að hann var síðast látinn laus úr fangelsi þann 23. júní sl. Þykir því ljóst að veruleg hætta er á því, að kærði haldi áfram brotum haldi hann óskertu frelsi.

Brot þau sem kærði er hér grunaður um að hafa framið, geta varðað fangelsisrefsingu samkvæmt 155., 244. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Með vísan til framanritaðs og skírskotun til 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 þykir verða að taka kröfu RLR til greina. Kærði skal því sæta gæsluvarðhaldi allt til 3. október nk. kl. 17:00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Sigurður Hóln Sigurðsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til 3. október nk. kl. 17:00.